

64

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skál honum falið að annast daglega stjórñ og fjárreiður útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra er heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, undir stjórñ útvarpsráðs. Ennfremur er ráðherra heimilt að semja við blöð lýðræðisflokka um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Laun starfsfólks útvarpsins skulu, þar til launalög eru sett, ákveðin af kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

65

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur $\frac{1}{3}$ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.